

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1095  
komudagur 20. 3. 2000



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Menntamálanefnd Alþingis  
B/t Helgu Þórisdóttur  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2000.

**Efni: Frv. til I. um breyt. á höfundalögum nr. 73/1972 (325. mál).**

Verslunarráð þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um ofangreint frumvarp. Markmið þess er að taka upp í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 96/9 um lögvernd gagnagrunna. Við endurskoðun höfundalaganna árið 1992 þótti ekki tímabært að setja ákvæði um höfundarétt að tölvubönkum, eins og þeir voru þá nefndir, enda töldu sumir að slík vernd fælist í 50. gr. núgildandi laga. Eftir það hefur áðurnefnd tilskipun 96/9/EBE öðlast gildi og telur Verslunarráð því að það sé tímabært að skera úr um lögvernd gagnabanka með lögfestingu ákvæða hennar. Þá eru einnig lagðar til breytingar er varða óafsalanlegt gjald til rétthafa vegna útleigu verka í samræmi við tilskipun 92/100/EBE. Loks eru útvíkkaðar heimildir til þeirra sem hafa rétt til að nota tölvuforrit til eftirgerðar þeirra, í samræmi til tilskipun 91/250/EBE, en ákvæðið var óþarflega þröngt áður samanborið við 5. gr. tilskipunarinnar. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en vill þó vekja athygli á því að ósamræmi er í orðavali 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins annars vegar og í greinargerð með því hins vegar. Í 2. mgr. 1. gr. er skilgreining á gagnagrunni, í samræmi við í tilskipun Evrópusambandsins, þannig að gagnagrunnur sé "safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða efnisatriða sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum aðferðum eða á annan hátt." Í greinargerð með frumvarpinu hefur skilgreiningin hins vegar þröngst nokkuð með því að 'og' hefur komið í staðinn fyrir 'eða'. Rétt er að leiðrétta þessa misritun í greinargerðinni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Guðrún Margrét Kristjánsdóttir.

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is